

VIÐAUKI 3 - ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

"Tumi Tomasson" <tumi@hafro.is>
14.08.2007 14:35

To
<umhverfismat@lh.is>
cc
<allyson@khi.is>

Subject

Athugasemdir vegna tillögu um Sundabraut - Helga J. Bjarnadóttir

Athugasemdir frá eigendum og íbúum í Njörvasundi 2.

Við keyptum húsið að Njörvasundi 2 snemma árs 1998 og höfum búið þar frá ágúst sama ár. Þegar við keyptum vissum við af fyrirhuguðum húsabyggingum við Hólmasund og Sæviðarsund. Áætlunum um þær byggingar var hins vegar breytt á meðan framkvæmd stóð, t.d. voru tennisvellir sem áttu að fá að vera afram teknir undir hús, verkið tók langan tíma, ekki var gengið frá gangstígum fyrr en fyrir tveimur árum og segja má að fullnaðarfrágangi sé enn ekki lokið. Allar þessar framkvæmdir og einkum það hve lengi þær hafa staðið yfir hefur haft mjög neikvæð áhrif á búsetu á svæðinu. Með byggingu á Þróttaravellinum var svæðið, sem er í raun gömul mýri, þurrkað upp enn frekar og jarðvegur seig um tæpa 10 cm við norðurhlíð húss okkar, leiðslur fóru í sundur og fyrir tveimur árum urðum við þess vegna að endurnýja allt skólþ og dren. Við fórum fram á bætur frá Reykjavíkurborg en fengum neitun, án nokkurra skýringa. Reynsla okkar af framkvæmdum í næsta nágrenni er því ekki góð og hefur ollið okkur bæði óþægindum og fjárhagstjóni. Við höfum ráðist í miklar endurbætur á húsi og lóð á þeim árum sem við höfum búið í Njörvasundi 2. Þessi húseign er ævisparnaður okkar og hagsmunir okkar eru því miklir.

Njörvasund 2 stendur nálægt Sæbrautinni þar sem umferðarpungi er sífellt að aukast. Verst er þó að þungaf lutningar hafa aukist mjög og fyrir utan tíðari ferðir flutningabíla, aukna umferð þeirra um kvöld og jafnvel helgar þá hafa bílarnir sjálfir og tengivagnar stækkað og því verður maður þeirra miklu meira var nú en áður. Svifryksmengun er mikil og hávaði hefur aukist, á sama tíma og hljóðmön sem reist var fyrir um 7 árum hefur sigið og dregið hefur úr áhrifum hennar. Ekki verður annað séð en að enn muni draga verulega úr lífgæðum þeirra sem þar búa þegar Sundabrautin kemur, amk ef farið verður eftir þeim valkostum sem nú hafa verið kynntir. Hins vegar er ekki hægt að gera sér ljósa grein fyrir framkvæmdum, hvorki á meðan framkvæmdum stendur, hve lengi slíkar framkvæmdir munu standa yfir né endanlegum áhrifum þeirra. Til þess eru fyrirliggjandi upplýsingar of takmarkaðar. Það er því lágmarkskrafa okkar að þessar áætlanir verði lagðar á borðið sem fyrst.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir virðist sem aðkoma Sundaganga verði á móts við Holtaveg og að farið verði niður í göngin á móts við Njörvasund 2. Ljóst er að viðamikil umferðamannvirki hljóti að verða byggð á því sem eftir er af gamla Þróttaravellinum við Hólmasund ef göngin verða fyrir valinu. Ekki verður annað ráðið en að mikil umferðarmannvirki verði fast up við húsið í Njörvasundi 2, og reyndar gæti svo farið að fjarlægja þyrfti húsið. Það er mikilvægt fyrir okkur sem eigum húsið og búum í því að vita nánar hvernig koma á þessum mannvirkjum fyrir. Verði húsið að Njörvasundi 2 látið standa er ljóst að eignin mun falla mikið í verði og verði jafnvel óseljanleg. Það er því krafa okkar að við fáum nánari upplýsingar og að mögulegar mótvægisáðgerðir eða eignarnám verði kynntar okkur sérstaklega þannig

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

að við höfum góðan tíma til að taka ákvarðanir um framtíðarbúsetu og hljótum ekki fjárhagslegan skaða af framkvæmdinni.

Við erum ekki tilbúin til að búa við framkvæmdir við húsgaflinn og stórvirkar vinnuvélar frá morgni til kvölds yfir neitt langt tímabil. Því gerum við það einnig að kröfu okkar að gerð verði grein fyrir framkvæmdaáætlun, verði þau Sundagöng sem nú eru kynnt (þó ekki nógu ítarlega) fyrir valinu. Langlundargeð okkar gagnvart röskun og heilsuspillandi umhverfi vegna hávaða, titrings, vinnuvéla og svifryks er að nálgast þolmörk.

Við bendum á að hægt væri að setja Sundagöng í stökk eða göng suður fyrir þéttusu byggðina þannig að göngin opnist fyrir sunnan Barðavog, þar sem nú þegar eru umfangsmikil umferðarmannvirki.

Virðingarfyllst

Tumi Tómasson, 310552-2409
Marey Allyson Macdonald, 291052-6729

Tumi Tomasson (Ph.D.)
Programme director
United Nations University, Fisheries Training Programme
Marine Research Institute
Skúlagata 4, Reykjavík, ICELAND
Phone: (+354) 575 2083 Fax: (+354) 575 2001 Mobile (+354) 895 9807
Email: tumi@hafro.is www.unuftp

<°)))) >< >< ((((°> <°)))) >< >< ((((°>
<°)))) >< >< ((((°> <°)))) >< >< ((((°>

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Athugasemdir frá íbúum í kjallara Njörvasunds 2.

Njörvasund 2 stendur nálægt Sæbrautinni þar sem umferðarþungi er sífelld að aukast. Verst er þó að þungaflutningar hafa aukist mjög og fyrir utan tíðari ferðir flutningabíla, aukna umferð þeirra um kvöld og jafnvel helgar þá hafa bílarnir sjálfir og tengivagnar stækkað og því verður maður þeirra miklu meira var nú en áður. Svifryks mengun er mikil og hávaði hefur aukist, á sama tíma og hljóðmön sem reist var fyrir um 7 árum hefur sigið og dregið hefur úr áhrifum hennar. Ekki verður annað séð en að enn muni draga verulega úr lífgæðum þeirra sem þar búa þegar Sundabrautin kemur, amk ef farið verður eftir þeim valkostum sem nú hafa verið kynntir. Hins vegar er ekki hægt að gera sér ljósa grein fyrir framkvæmdum, hvorki á meðan framkvæmdum stendur, hve lengi slíkar framkvæmdir munu standa yfir né endanlegum áhrifum þeirra. Til þess eru fyrirbyggjandi upplýsingar of takmarkaðar. Það er því lágmarkskrafa okkar að þessar áætlanir verði lagðar á borðið sem fyrst.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir virðist sem aðkoma Sundaganga verði á móts við Holtaveg og að farið verði niður í göngin á móts við Njörvasund 2. Ljóst er að viðamikil umferðamannvirki hljóti að verða byggð á því sem eftir er af gamla Þróttaravellinum við Hólmasund ef göngin verða fyrir valinu. Ekki verður annað ráðið en að mikil umferðarmannvirki verði fast upp við húsið í Njörvasundi 2, og reyndar gæti svo farið að fjarlægja þyrfti húsið. Það er mikilvægt fyrir okkur sem búum í Njörvasundi 2 að vita nánar hvernig koma á þessum mannvirkjum fyrir. Það er því krafa okkar að við fáum nánari upplýsingar og að mögulegar mótvægisáðgerðir eða eignarnám verði kynntar okkur sérstaklega þannig að við höfum góðan tíma til að taka ákvarðanir um framtíðarþúsetu og hljótum ekki fjárhagslegan skaða af framkvæmdinni.

Við erum ekki tilbúin til að búa við framkvæmdir við húsgaflinn og stórvirkar vinnuvélar frá morgni til kvölds yfir neitt langt tímabil. Því gerum við það einnig að kröfu okkar að gerð verði grein fyrir framkvæmdaáætlun, verði þau Sundagöng sem nú eru kynnt (þó ekki nógu ítarlega) fyrir valinu. Langlundargeð okkar gagnvart röskun og heilsuspillandi umhverfi vegna hávaða, titrings, vinnuvéla og svifryks er að nálgast þolmörk.

Við bendum á að hægt væri að setja Sundagöng í stökk eða göng suður fyrir þéttustu byggðina þannig að göngin opnist fyrir sunnan Barðavog, þar sem nú þegar eru umfangsmikil umferðarmannvirki.

Virðingarfyllst

Eiríkur Briem, 110479-4339

Marín Rós Tumadóttir, 030982-6069

--

Eiríkur Briem

e-mail: eirikurbriem@gmail.com

Phone: +354 847 5504

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Helga J. Bjarnadóttir
hönnun hf.

Línu-

Efni: Sundbraut 1. áfangi.

Ný tillaga sem nú liggur fyrir um aðkomu Sundaganga inn á Sæbraut milli Holtavegar og Skeiðarvogs mun hafa í för með sér verulega skert lífsgæði fyrir okkur íbúa sem búum í nálægð við þessi fyrirhugðu mannvirki.

Parhús okkar í Sæviðarsundi 55 er í u.þ.b. 100 m. fjarlægð frá fyrirhugðuðum mannvirkjum.

Á Sæbraut milli Holtavegar og Skeiðarvogs telur skv. mælingum 2003, 41.826 bílar á sólarhring (skv. framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, Landupplýsingadeild). Þessi tala mun hækka umtalsvert með lagningu Sundaganga.

Loftgæði í Sæviðarsundi eru suma daga slæm vegna svifryksmengunar vegna Sæbrautar og yfir heilsufarsmörkum. Mikið svifryk kemur inn um glugga í okkar húsi og er sólpallur og stólar útivið ávallt með ryklagi á, sérstaklega á veturnar. Svifryksmælingar hafa mælst langt yfir heilsumörkum í nálægð við Sæbraut

Hávaði er töluverður nú þegar og sífelldur umferðarniður heyrir inn um glugga á okkar heimili og ekki séð að hægt sé á að bæta. Nú þegar veldur sú umferð sem nú fer um Sæbraut okkur íbúum töluverðum óþægindum.

Í nýjum hverfum er lögð áhersla á að byggð verði í hæfilegri fjarlægð frá umferðaræðum til að uppfylla skilyrðum um hljóðstig frá umferð. Það eru því ekki hægt að setta sig við að önnur viðmið gildi um gömul hverfi.

Við viljum benda á það að sú kynning sem er á netinu sýnir ekki á neinn hátt umfang þessara mannvirkja og erfitt er fyrir hinn almenna borgar að átta sig á þessu. Við óskum eftir nánari upplýsingum og teikningum um hvernig akgreinar og göng eiga að koma hér upp í nágrenni við okkur.

Hversu mikil umferð er ráðgerð um göngin og Sæbraut á sólarhring?

Hversu mikill hávaði mun fylgja þessari auknu umferð og hver eru hávaðamörk í hverfum?

Hversu mikil svifsryksmengun má bæta við íbúðahverfið ef svifryk er nú þegar yfir heilsufarsmörkum?

Við viljum einnig lýsa yfir furðu okkar á því að í umhverfismati um þessar framkvæmdir er ekki minnst á áhrif mannvirkjanna á okkur íbúana í hverfinu, heldur einungis er rannsakað áhrif á lífríki sjávar, laxa og þörungum svo að eitthvað sé nefnt.

Ef af Sundagöngum verður hlýtur það að vera algjört skilyrði að syðri munnar ganganna komi upp í nálægð við iðnaðarhverfið í Holtagörðum / Súðavogi, fjarri íbúabyggð og að Sæbraut verði sett í stökk.

Með kveðju

Atli Már Jósafatsson, kt.: 230753-3859

Andrea Þormar, kt. :220464-2539

Sæviðarsundi 55,

104 Reykjavík

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Helga J. Bjarnadóttir
Línuhönnun hf. verkfræðist

Efni: Sundbraut 1. áfangi.

Ný tillaga sem nú liggur fyrir um aðkomu Sundaganga inn á Sæbraut milli Holtavegar og Súðarvogs mun hafa í för með sér verulega skert lífsgæði fyrir okkur íbúa sem búum í nálægð við þessi fyrirhugðu mannvirki.

Parhús okkar í Sæviðarsundi 61 er í u.þ.b. 100 m. fjarlægð frá fyrirhugðuðum mannvirkjum.

Á Sæbraut milli Holtavegar og Skeiðarvogs telur skv. mælingum 2003, 41.826 bílar á sólarhring (skv. framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, Landupplýsingadeild). Þessi tala mun hækka umtalsvert með lagningu Sundaganga.

Loftgæði í Sæviðarsundi eru suma daga slæm vegna svifryksmengunar vegna Sæbrautar og yfir heilsufarsmörkum. Mikið svifryk kemur inn um glugga í okkar húsi og er sólpallur og stólar útivið ávallt með ryklagi á, sérstaklega á veturnar. Svifryksmælingar hafa mælst langt yfir heilsumörkum í nálegð við Sæbraut

Hávaði er töluverður nú þegar og sífelldur umferðarniður heyrir inn um glugga á okkar heimili og ekki séð að hægt sé á að bæta. Nú þegar veldur sú umferð sem nú fer um Sæbraut okkur íbúum töluverðum óþægindum.

Í nýjum hverfum er lögð áhersla á að byggð verði í hæfilegri fjarlægð frá umferðaræðum til að uppfylla skilyrðum um hljóðstig frá umferð. Það eru því ekki hægt að setta sig við að önnur viðmið gildi um gömul hverfi.

Við viljum benda á það að sú kynning sem er á netinu sýnir ekki á neinn hátt umfang þessara mannvirkja og erfitt er fyrir hinn almenna borgar að átta sig á þessu. Við óskum eftir nánari upplýsingum og teikningum um hvernig akgreinar og göng eiga að koma hér upp í nágrenni við okkur. Hversu mikil umferð er ráðgerð um göngin og Sæbraut á sólarhring?

Hversu mikill hávaði mun fylgja þessari auknu umferð og hver eru hávaðamörk í hverfum?

Hversu mikil svifryksmengun má bæta við íbúðahverfið ef svifryk er nú þegar yfir heilsufarsmörkum?

Við viljum einnig lýsa yfir furðu okkar á því að í umhverfismati um þessar framkvæmdir er ekki minnst á áhrif mannvirkjanna á okkur íbúana í hverfinu, heldur einungis er rannsakað áhrif á lífríki sjávar, laxa og þörungum svo að eitthvað sé nefnt.

Ef af Sundagöngum verður hlýtur það að vera algjört skilyrði að syðri munnar ganganna komi upp í nálegð við iðnaðarhverfið í Holtagörðum / Súðavogi, fjarri íbúabyggð og að Sæbraut verði sett í stakk.

Með kveðju

Sigurjón Sigurðsson kt.: 0908613449

Magnea Björk Magnúsdóttir, kt. :290565-5379

Sæviðarsundi 61,

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

"Tumi Tomasson" <tumi@hafro.is>
14.08.2007 14:46

To
<umhverfismat@lh.is>
cc

Subject

Athugasemdir frá íbúum í Njörvasundi 4 vegna tillögu að Sundagöngum og Eyjalausn

Á miðhæð í Njörvasundi 4 búa þau Jensína Þórarinsdóttir, kt. 300531-3069 og sambýlismaður hennar Gísli Guðmundsson, kt. 171130-3289. Gísli er öryrki og þjáist af Alzheimers veiki, en Jensína starfar enn utan heimilis. Þau hafa búið á og átt miðhæðina í um 36 ár. Gísli ratar heim til sín, en víst er að það yrði mjög erfitt fyrir hann að flytja nema þá á lokað hæli, en slíkt stendur reyndar ekki til boða og myndi hafa mikil og neikvæð áhrif á lífgæði hans. Jensína bað mig að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Hún er á móti þeim tillögum að sundagöngum sem nú liggja fyrir. Framkvæmdin og síðar umferð sem kæmi í kjölfarið hefði neikvæð áhrif á heilsu vegna aukins svifryks og hávaða, myndi verðfella fasteignina og gæti skapað hættu fyrir Gísla, sem og reyndar bæði börn og gamalmenni í nágrenninu almennt.

Tumi Tomasson (Ph.D.)
Programme director
United Nations University, Fisheries Training Programme
Marine Research Institute
Skúlagata 4, Reykjavík, ICELAND
Phone: (+354) 575 2083 Fax: (+354) 575 2001 Mobile (+354) 895 9807
Email: tumi@hafro.is www.unuftp

<°))) >< >< ((((°> <°))) >< >< ((((°>
<°))) >< >< ((((°> <°))) >< >< ((((°>

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Sigurður Helgason <sh@centrum.is>
Sent by: sh@centrum.is
13.08.2007 22:09

To
<umhverfismat@lh.is>
cc

Subject
Athugasemd vegna Sundabrautar bt. Helga J. Bjarnadóttir[*]

Ég sem íbúi við Njörvasund 3 er alfarið á móti öllum lausnum sem ekki fela í sér að "munnar" ganga eða niðurgrafinna kafla komi upp á yfirborðið svo nálægt íbúðabyggð sem raun er á (Eyjalausn og Sundagöng).

Lenging ganga eða niðurgrafinnar umferðar (falinnar) í austur út fyrir Barðavog væri ásættanlegt. Þar er íbúðabyggð fjarlægari umferð.

Virðingarfyllst
Sigurður Helgason
kt 270455 - 7199

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Ábendingar og athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun vegna lagningu Sundabrautar 1. áfanga.

9.7.2007

1. Geri ég athugasemd við að umhverfisáhrif vegtengingar við Hallsveg og Strandveg, séu ekki metin. Á núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir útivistarsvæði fyrir neðan byggðina í Rimahverfi. Vegir og vegtengingar afmarka möguleg svæði fyrir útivistarsvæði. Lega vega og vegtenginga hafa því bein áhrif á staðsetningu útivistarsvæða og því nauðsynlegt að taka inn í matsáætlun umhverfisáhrif þeirra sem sækja myndu útivistarsvæði sem staðsett yrði á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.
2. Geri ég athugasemd við kafla 4.3.4 þar sem hættur vegna urðunarstaðarins í Gufunesi verði ekki teknar fyrir. Hættur eru vanreifaðar í skýrslunni frá því 2004. Ljóst er að lega vega og vegtenginga hefur bein áhrif á staðsetningu útivistarsvæðis. Sérstaklega er nauðsynlegt að skoða langtímaáhrif á börn sem myndu sækja stíft í útivistarsvæði sem staðsett yrði á gömlu sorphaugunum í Gufunesi. Ljóst er að ýmis eiturefni og spilliefni eru urðuð þarna í bland við annað sorp. Ljóst er að nokkrir eiturefnapollar eru fyrir hendi en staðsetning þeirra ókunn. Yfir 100 mismunandi snefilgös hafa mælst í sorphaugum en líklega hafa engar mælingar á slíkum snefilgösum farið fram á Gufuneshaugum. Því er ekkert vitað um hversu heilsuspillandi langvarandi vera barna og unglunga á slíku útivistarsvæði myndi hafa. Mörg snefilgasanna eru talin krabbameinsvaldandi og geta framkallað aðra sjúkdóma, sérstaklega á óhörðnuðum börnum og unglungum.
3. Svo virðist sem meira sé hugsað um laxfiskinn en börn í Grafarvogi. Mjög undarlegt og óskynsamlegt er að besta (“heilbrigða”) landrýmið sé tekið undir vegi og vegtengingar og útivistarsvæði skipulögð hinum megin við vegina, á heilsuspillandi sorpurðunarstað. Útivistarsvæðið er því slitið frá byggðinni með mörgum vegum og vegtengingum. Skapast því mikil slyshætta þegar börn og unglingar eru á leið til og frá útivistarsvæðinu.

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun



Ábending:

4. Með núverandi og fyrirhuguðum vegtengingum er landnýting mjög slæm; núverandi lega Strandvegur og göngustígs meðfram honum er ekki nógu góð, t.d. Gylfaflöt, Strandvegur og vegur að Gufunesbæ liggja samhliða með nokkurra metra millibili (léleg landnýting). Gangandi vegfarandum er komið fyrir á milli hjólandi umferð og bílaumferð. Útivistarsvæðið á milli Hallsvegur og Gylfaflatar er mjög óhentugt, bæði hallandi og rammað inn af akvegum. Einnig liggja Strandvegur og Gufunesvegur samhliða nokkurn spöl. Útivistarsvæðið er slitið frá byggðinni með öllum þessum vegum og vegtengingum.
5. Meðfylgjandi tillaga að nýrri legu Strandvegur, gerir ráð fyrir að samhliða vegum verði fækkað verulega; Strandvegur milli Borgavegar og Hallsvegur verði færður vestan við Gufunesbæ, nokkurn veginn á jaðar Gufuneshauga og tengist fyrirhuguðu hringtorgi við munna Sundagangna. Rimaflöt verði lengd niður að nýrri legu Strandvegur. Gufunesbær verði tengur Strandvegi með mun styttri aðkeyrslu, sunnan megin. Hringtorgið við munna Sundagangna tilheyrir þá Strandvegi sem tengist Borgavegi með nýrri tengingu.
6. Kostir þessarar nýju legu er að Strandvegur (eða framhald af Hallsvegi, ef menn vilja kalla veginn það) skilur þá á milli hinna heilsuspillandi Gufuneshauga og útivistarsvæðisins. Deiliskipulag hvors svæðis um sig er þá hægt að móta nokkuð óháð hvoru öðru. Aðgengi útivistarsvæðisins er þá mun aðgengilegra frá nærliggjandi byggð í Rimafloti. Vegtenging Rimaflatar skiptir útivistarsvæðinu í tvo hluta og því er gert ráð fyrir víðum undirgöngum. Útivistarsvæðið milli Bæjarflatar og Hallsvegur verður þá hluti af útivistarsvæðinu. Nægjanlegt svæði er þarna til að rúma fyrirhugaða starfsemi útivistarsvæðisins og verður svæðið þá mun vinsælla, aðgengilegra, vinalegra, skjólbetra og heilsusamlegra en núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir.

með kveðju,

Vignir Bjarnason kt. 2108614759, Hrísríma 30, 112 Reykjavík. vbl@simnet.is

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Reykjavík 15. ágúst 2007.

Helga J. Bjarnadóttir
Línuhönnun hf. Verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
Netfang: umhverfismat@lh.is

Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun, dagsett í júní 2007, vegna 1. áfanga Sundabrautar.

Við undirritaðir eigendur og aðilar að húsfélaginu húsfélaginu Hólmasundi 4 -20, kt. 601100-3120 setjum allan fyrirvara á fyrirliggjandi hugmyndir um Sundagöng vegna umhverfisáhrifa sem fyrirhugaðar vegna framkvæmda og framtíðarumferð mun óvæfengjanlega hafa á nærumhverfi okkar og fasteignir.

Þegar skoðuð eru gögn þ.e. teikningar og skýringar, virðist okkur sem þið höfundar þessarar tillögu leggið litla áherslu á það sem okkur er næst, þ.e. nálægð gangamunna við íbúðahúsin í Hólmasundi.

Það eitt að þessi drög að tillögu hafa verið birt setur okkur íbúa þessarar götu í það sem kalla mætti gíslingu. Þá erum við að tala um að við getum væntanlega ekki selt eignir okkar á eðlilegu verði héðan í frá þar sem við öllum blasir þessi afleita útfærsla á tengingu Sundaganga við Sæbraut á bæjarhlaðinu hjá okkur.

Okkur er ljóst að ekki er búið að ákveða að framkvæma á þennan hátt en hefðum viljað sjá ykkur kveikja á mikilvægi þess að farið verði rækilega í saumana á þessum hluta Sundaganganna.

Við undirritaðir viljum koma á framfæri athugasemdum varðandi umrædda tillögu.

Þá erum við að tala um að rannsakaðir verði í fullri alvöru eftirfarandi þættir:

1. Áhrif á fasteignaverð næst gangamunna, sem nú þegar hefur verið raskað með birtingu "tillögu að matsáætlun", síðan væntanleg áhrif á framkvæmdatíma ganganna og endanlega á rekstartíma þeirra.
2. Hljóðvist þar sem við blasir, gífurleg aukning á umferð plús tveggja akreina brekka í rampi í þessari miklu nálægð við íbúðahúsin.
3. Loftgæði þar sem við blasir gífurleg aukning á umferð og væntanlega, samansafnað óloft við enda þessara löngu ganga sem íbúarnir hljóta að líða fyrir.
4. Raskið og óþægindin sem fyrirsjáanleg eru á framkvæmdatímanum í allri sinni mynd og fjölbreytileika.

Jafnframt þarf að taka tillit til eftirfarandi atriða sem skýrð eru nánar hér á eftir:

- Gera þarf ráð fyrir að áhrifasvæði beinna áhrifa nái til lóðarinnar Hólmasund 4-20 og yfirlitsuppdráttur SBJ-13 lagfærður til samræmis við skilgreiningu áhrifasvæðis beinna áhrifa í kafla 3.3 í tillögu að matsáætlun.
- Lagfæra umfjöllun um skipulag sem er ófullnægjandi, samkvæmt gr. 13. 2.d í reglugerð um umhverfismat áætlana.
- Leggja þarf mat á umhverfisþættina *heilbrigði manna* og *efnisleg verðmæti*, í sér köflum.

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

- Leggja þarf "sérstaka áherslu á" að skoða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á hljóðvist og loftgæði á lóðinni nr. 4-20 við Hólmasund.
- Þegar til stendur að kynna fyrirhugaðar framkvæmdir og/eða skipulagstillögur vegna þeirra, er óskað eftir því að athygli íbúa við Hólmasund sé vakin með dreifibréfi í hús.

Eigendur vilja jafnframt koma því á framfæri að líta beri á Eyjalausn III sem fyrsta valkost, sbr. eftirfarandi rök sem tekin er úr texta fyrirbyggjandi draga að matsáætlun:

- "Heildarakstur á vegakerfinu reiknast hins vegar minni fyrir höfuðborgarsvæðið ef Sundabraut verður lögð skv. Eyjalausn á leið III heldur en í Sundagöngum."
- "Sundagöng með öllum tengingum 14,6 [milljarðar] - Eyjalausn á leið III - mismlæg gatnamót alla leið 10,5*[milljarðar]."
- "Árlegur rekstrarkostnaður Sundaganga (án viðhalds) er metinn vera um 100 milljónir."
- "Austar og utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, þar sem komið er inn á Laugarnesið er ströndin að mestu óröskuð, eitt fárra slíkra svæða í Reykjavík."
- "Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir göngu- og hjólréiðatengingu meðfram stofnbrautinni yfir Elliðaárvog. Sundagöng munu útiloka slíkan stofnstíg, nema með ærnum viðbótarkostnaði."

Nánari skýringar á athugasemdum

Í kafla 2.2 um valkosti er vísað til uppdráttar SBJ-13. Á uppdrættinum eru skilgreind "Mörk athugunarsvæðis og mögulegt svæði beinna áhrifa". Húsfélagið gerir alvarlegar athugasemdir við að ekki skuli gert ráð fyrir að skoða áhrif á lóð Hólmasunds 4-20 sérstaklega m.t.t. beinna áhrifa. Bent er á að í kafla 3.3 segir að um 70- 200 m svæði frá miðlínu valkosta sé skilgreint sem athugunarsvæði fyrir bein áhrif af völdum framkvæmda, þ.m.t. sjónræn áhrif, hljóðvist og loftgæði, með tilvísun í yfirlitsmynd í 1. viðauka (teikning SBJ-13). Lóðin er því innan áhrifasvæðis beinna áhrifa og þarf því að vera til umfjöllunar í mat umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Ekki kemur fram í matsáætlun að hvaða markmiðum er stefnt með byggingu Sundabrautar og þarf því að skýra svo hægt sé að taka afstöðu til hvor lausnin samræmist betur markmiðinu með tengingu yfir Elliðaárvog. Í inngangi kemur fram að Eyjalausn III hafi minni áhrif en Sundagöng á heildarakstur á höfuðborgarsvæðinu. Eyjalausn III samræmist því betur markmiði stjórnvalda um stuðla að minni loftmengun. Þetta vekur spurningu um hvort hægt sé að líta svo á að Sundagöng og Eyjalausn séu tvær sambærilegar leiðir að sama markmiði. Það þarf að vera fullskoðað hvaða möguleikar eru á því að mæta aukinni framtíðarumferð á svæðisvísu, hvort heldur er á milli norður- og vesturhluta Reykjavíkur eða á milli suður- og norðurhluta höfuðborgarsvæðisins, áður en ráðist er í framkvæmdir.

Skoða ber af alvöru að syðri gagnamunni Sundaganga við Sæbraut komi upp sunnan við Skeiðarvog, þar sem slík framkvæmd hefði væntanlega umhverfisáhrif á færri íbúa.

Í kafla 2.2 er vísað til þess að samráð hafi verið haft við íbúasamtök Grafarvogs og Laugardals um fyrirbyggjandi hugmyndir. Eigendum í Hólmasundi hafa ekki verið kynntar fyrirbyggjandi hugmyndir né hefur athygli þeirra verið sérstaklega vakin á opinberum

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

kynningum á þeim, þrátt fyrir að framkvæmdirnar eru líklegar til að hafa veruleg áhrif á hagsmuni eigenda. Úr þessu verður að bæta.

Í kafla 2.2.3 um núllkost vantar að gera grein fyrir hvernig lagt verður mat á umhverfisáhrif, ef ekki verður af tengingu yfir Elliðavog. Í kaflanum segir m.a.: "Umferð á þessum vegum þyngist í samræmi við aukinn umferðapunga skv. umferðarspám og umferðaröryggi mun þ.a.l. að öllum líkindum minnka." Gerð er athugasemd við þessi rök um núllkostinn þar sem þekkt er að aukinn umferðarpungi hægir á umferð og dregur því úr alvarlegum umferðarslysum. Gera þarf ráð fyrir að skoða umhverfisáhrif á sömu eða sambærilega umhverfisþætti fyrir núllkostinn og gert er fyrir Sundagöng og Eyjalausn III.

Gerð er athugasemdi við að í kafla 3.4 sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir samræmi fyrirhugaðra framkvæmda við fyrirliggjandi skipulagsáætlanir, sbr. 13. gr. - liður 2d í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum. Í umfjöllun um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er vísað í matsskýrslu 2004 sem ekki er nú til kynningar né umfjöllunar og því ekki eðlilegt að vísa í upplýsingar þar. Sama á við um umfjöllun um aðalskipulag. Staðsetning Sundabrautar er sýnd á staðfestum skipulagsuppdrætti Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 og ljóst er að hvorugur þeirra valkosta sem nú eru til kynningar eru í samræmi við staðfest aðalskipulag. Þessar upplýsingar um stöðu skipulags hefður átt að koma fram í tillögu að matsáætlun.

Talin eru upp deiliskipulagssvæði sem fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur að og er umfjöllun um samræmi fyrirhugaðra framkvæma vísað til frummatsskýrslu. Gerð er athugasemd við að deiliskipulag fyrir Hólmasund skuli ekki meðtalið ekki síst þar sem allar líkur eru á að áhrifasvæði beinna áhrifa falli innan deiliskipulagssvæðisins.

Í umfjöllun um stöðu skipulags hefði átt að koma fram að útgáfa framkvæmdaleyfa er háð breytingum á skipulagsáætlunum. Jafnframt hefði átt að upplýsa að almenningi verði kynntar fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær, áður en þær eru samþykktar í borgarstjórn. Umfjöllun um umhverfismat áætlana ætti að vera tengt umfjöllun um stöðu skipulags í stað þess að vera í inngangi. Í frummatsskýrslu þarf umfjöllun um skipulagsferlið að vera skýrari.

Í kafla 4.2.2 eru skilgreindir umhverfisþættir sem taldir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum á framkvæmdatíma og á rekstrartíma umferðaræðanna. Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa áhrif á nærumhverfi íbúa og verðgildi fasteigna að Hólmasundi 4-20. Gerð er athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir að leggja mat á umhverfisþáttinn heilbrigði [manna] og efnisleg vermæti. Þetta eru það veigamiklir þættir að umfjöllun um þá þarf að birtast undir eigin yfirskrift.

Í kafla 4.2.6 er gerð grein fyrir hvernig fjallað verður um sjónræn áhrif. Í frummatsskýrsla þarf að koma skýrt fram hvernig ásýnd fyrirhugaðra gatnamannvirkja mun blasa við eignum, þar sem þau eru áformuð í jaðri lóðarinnar.

Í kafla 4.2.9 um hljóðvist eru tilgreind nokkur svæði sem skoðuð verða sérstaklega m.t.t. hljóðstigs. Gerð er athugasemd við að ekki sé einnig gert ráð fyrir að skoða "sérstaklega" hljóðvist á íbúðarlóðum aðliggjandi gangamunna á Sæbraut á milli Holtavegar og Kleppsmýrarveggar (Skeiðavogs) þ.m.t. áhrif á hljóðvist á lóðinni nr. 4-20 við Hólmasund.

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Í kafla 4.2.11 er fjallað um loftgæði. Minnt er á að meta þarf áhrif á loftgæði á lóðinni nr. 4-20 við Hólmasund vegna nálægðar við gangnamunna Sundaganga, sbr.einnig athugasemdir við kafla 2.2.

Í kafla 4.2.12 er gert ráð fyrir að fjallað verði um umhverfisáhrif á samgöngur og eignir undir sömu yfirskriftinni. Samgöngur og eignir eru gjörólikir umhverfisþættir sem verða fyrir ólíkum áhrifum af ólíkum áhrifavöldum. Því er ítrekuð áður fram komin athugasemd að fjalla þarf um áhrif framkvæmdanna á efnisleg verðmæti á lóðinni.

Hvað varðar umfjöllun í kafla 4.2.13 er minnt á að vegna nálægðar umræddrar lóðar við framkvæmdasvæðið þarf að skoða sérstaklega umhverfisáhrif á lóðina á meðan á framkvæmdum stendur, sérstaklega m.t.t. heilbrigði manna og efnisleg verðmæti vegna líklegs hávaða, ryks, sjónmengunar og titrings á framkvæmdatíma framkvæmda og á rekstartíma umferðaræðanna.

Í kafla 5.1 er fjallað um kynningu og samráð. Umræddur kynningarfundur í Rimaskóla var haldinn á hápunkti sumarleyfa og því eflaust margir í burtu sem annars hefðu sótt fundinn. Kallað er eftir að athygli þeirra sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta verði vakin á fyrirhuguðum kynningum með dreifibréfi í hús, þ.m.t.eigendum Hólmasundi 4-20.

Nafn	kt.	Húsnr.
Sesselja Jónsdóttir	040958-3989	10nh
Kim Mortensen	160968-6479	10nh
Finna Magnússon	140671-3989	14NH.
Asta Henriksdóttir	100464-2849	14NH
Andræði Þórhannsson	270143-3939	16NH
Fríðjóna Leifsdóttir	030949-2779	16NH
Dína Magnúsdóttir	300354-4599	20EH
Kristján Víkingsson	200158-2459	20eh
Jóhanna Helgadóttir		
Margrét Jónna Jónsd.	260369-4829	13eh
Gudbrandur Þ. Þorvaldsson	220352-2509	10eh
Dorunn Halla Jónsd.	040642-3159	8eh
Rut Andersen	130353-2909	8mh
Eitíð Sigurðsson	250763-7949	4eh

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Sæl Helga Jóhanna,
ég vildi nefna tvö atriði sem ég teldi ætti að fjalla um í umhverfismati fyrir Sundabraut 1. áfanga og gera ráð fyrir að greina frá þeim strax í tillögu að matsáætlun:

1. Hljóðvist á framkvæmdartíma varðandi Sundagöng. Lega fyrirhugaðra gangna er að einhverju leyti beint undir eða nálægt íbúabyggð í Laugarneshverfinu. Ef gangnagröftur verður með sprengingum má reikna með að íbúar verða þess varir. Við höfum fengið mikið af athugasemdum og kvörtunum vegna sprenginga á síðustu misserum eftir stefnubreytingu í borginni að koma bílastæðum ekki fyrir ofanjarðar heldur í kjöllurum. Mér finnst að meta verði áhrif sprenginga á ofanjarðarbyggð.
2. Ef Sundagöng verða ofan á liggur fyrir að mikið magn efnis fellur til sem þarf að flytja í burtu og/eða nýta. Mér finnst að umhverfismat þurfi að taka á því með hvaða hætti það verður gert og að endapunktur meðhöndlunarferlis fyrir uppgraftrarefni úr göngum verði nefndur eða hugsað verði um það í matsferlinu. Ekki er nóg að segja að efnið verði notað í aðrar ótilgreindar framkvæmdir eða því verði komið fyrir á stað með leyfi. Mer sýnist að meðhöndlun byggingarúrgangs sé að verða sífellt vaxandi vandamál m.a. vegna umfangsmikilla matsskyldra framkvæmda að ekki sé hægt að minnast ekki á það í matsskýrslu.

Ef þú vilt nánari útfærslu eða frekari rök fyrir ofangreindu heyri ég frá þér.

Bkv.

Lúðvík E. Gústafsson, deildarstjóri
Umhverfissvið Reykjavíkurborgar
Mengunarvarnir
City of Reykjavík - Department of Environment
Div. of Pollution Control, Head of Div.
Skúlagata 19, IS-101 Reykjavík
t-póstur/e-mail: ludvik.gustafsson@reykjavik.is
www.umhverfissvid.is
Sími/Tel.. 00354-411 8500, fax 00354-411 8505

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

Reykjavík, 17. ágúst, 2007

Helga J. Bjarnadóttir
Línuhönnun hf. verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík.

“Sundabraut 1. áfangi Sundagöng og Eyjalausn.”

Íbúasamtök Grafarvogs og Íbúasamtök Laugardals leggja fram sameiginlegar athugasemdir, kröfur og ábendingar vegna draga að matsáætlun vegna lagningar fyrsta áfanga Sundabrautar.

- 1. ÍL og ÍG mótmæla því og gera alvarlegar athugasemdir við að ekkert samráð var haft við íbúa vegna nýrrar tillögu Eyjalausnar sem lögð er fram án kynningar eða hugmyndavinnu við íbúasamtök og hagsmunaaðila og að hún skuli kynnt sem 1. valkostur (Morgunblaðið 27.6.2007).**
 - Að óbreyttu hafna íbúasamtökin með öllu framlagðri tillögu að Eyjalausn á leið III og skoða þá leið ekki sem kost nema með verulegum breytingum frá núverandi tillögu beggja vegna Elliðavogs, þ.e. í hverfum Laugardals og Grafarvogs.
- 2. ÍL og ÍG benda á að samráð við íbúasamtökin felur í sér annað og meira en tilkynningar til íbúasamtakanna um hvernig hlutirnir skulu vera og ósk um athugasemdir.**
 - Það er sameiginlegur skilningur íbúasamtakanna að samráð feli í sér að íbúasamtökin skuli höfð með í ráðum frá upphafi en komi ekki einungis að málum á seinni stigum og þá með ábendingar og óskir eða sem umsagnaraðili.
- 3. ÍL og ÍG gera athugasemdir við að leið III skuli aftur send í umhverfismat án þess að skýrt sé hvers vegna þess er þörf.**
 - Að kröfu Vegagerðarinnar liggur nú fyrir að meta að nýju Eyjalausn á leið III með smávægilegum breytingum frá fyrri tillögu. Íbúasamtökunum er óljós tilgangur þessarar kröfu og benda á nauðsyn þess að tilgangurinn liggji ljós fyrir og öllum hlutaðeigandi skýr.
- 4. ÍL og ÍG mótmæla tímasetningu á framkomnum drögum að mátsáætlun og þar af leiðandi óheppilegri tímalengd á veittum fresti, þó framlengdur hafi verið um 7 daga. Það má öllum vera ljóst að bæði kynning og frestur til athugasemda er á afar óheppilegum tíma fyrir íbúa vegna sumarleyfa.**
 - Um er að ræða eitt mesta hagsmunamál tugþúsunda íbúa beggja vegna Elliðavogs í skipulagsmálum. Þetta á sérstaklega við þar sem útfærsla á nýrri tillögu að Eyjalausn er lögð fram án samráðs við íbúasamtökin og án annarra kostnaðarútreikninga en vísunar til þeirra fyrri, sem íbúasamtökin gera og hafa gert verulegar athugasemdir við og telja að ekki eiga við rök að styðjast.
- 5. ÍL og ÍG mótmæla og gera athugasemdir við framlagðar tillögur og samiburðargildi þeirra.**
 - Íbúasamtökin telja að kappkosta verði að bera saman sambærilegar lausnir og núverandi framsetning þessara tveggja leiða geri það ekki.
- 6. Íbúasamtök Grafarvogs leggja sérstaka áherslu á það baráttumál sitt að Hallsvegur verði ekki sú hraðbraut utanaðkomandi umferðar í gegnum Grafarvogshverfi sem núverandi tillögur stuðla að.**

Viðauki 3 - athugasemdir við matsáætlun

